# Hafnasjóður Norðurþings

Ársreikningur

**2025**

Hafnasjóður Norðurþings
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
kt. 650371-2329

# Hafnasjóður Norðurþings

## Ársreikningur

## 2025

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 - 3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 - 11 |

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar og hagsmunaaðila Hafnasjóðs Norðurþings**

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hafnasjóðs Norðurþings fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hafnasjóðs Norðurþings á árinu 2025, efnahag hans 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Óhæði**
Við erum óháð Hafnasjóði Norðurþings í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Hafnasjóðs Norðurþings. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

# Áritun óháðra endurskoðenda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Húsavík, 2026 30. apríl

**Enor ehf.**
Hafnarstræti 53, Akureyri

Níels Guðmundsson

Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

## Skýrsla sveitarstjórnar

Ársreikningur Hafnasjóðs Norðurþings fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tap Hafnasjóðs Norðurþings á árinu 2025 nam kr. 188.974.055. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins kr. 1.063.017.328 og bókfært eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 1.093.169.376.

Stjórn Hafnasjóðs samþykkti viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2025 á 36. fundi sínum þann 25.09.2025 . Viðaukinn er gerður vegna tekjufalls sem rekja má til rekstrarstöðvunar verksmiðju PCC á Bakka í júlí 2025. Samtals fjárhæð viðauka er 122.500.000 kr lækkun á tekjuliðum Hafnasjóðs. Lagt er til að mæta viðaukanum með lækkun á handbæru fé.

Versnandi afkomu hafnasjóðs má rekja beint til rekstrarstöðvunar PCC á Bakka, einnig féll verulegur kostnaður til vegna dóms um endurgreiðslu farþegagjalda að upphæð 64.288.738 kr á árinu 2025. Vakin er sérstök athygli á því sem fram kemur í skýringu nr. 10 með ársreikningnum varðandi viðbótarkröfur vegna þess máls og óvissu tengdum þeim.

Sveitarstjórn Norðurþings leggur til að tap ársins verði fært yfir eigið fé til hækkunar á uppsöfnuðu tapi fyrri ára, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé.

Það er álit sveitarstjórnar og sveitarstjóra Norðurþings að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Sveitarstjórn og sveitarstjóri Norðurþings staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Húsavík, 2026 30.april

### Í sveitarstjórn

| | | |
|---|---|---|
| Hjálmar Bogi Hafliðason | Áki Hauksson | Ingibjörg Benediktsdóttir |
| Kristinn Jóhann Lund | Benoný Valur Jakobsson | Soffía Gísladóttir |
| Jónas Þór Viðarsson | Helena Eydís Ingólfsdóttir | Eiður Pétursson |

### Sveitarstjóri

Katrín Sigurjónsdóttir

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýr. | 2025 | Áætlun | 2024 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Vöru- og skipagjöld | | 67.822.156 | 0 | 176.981.322 |
| Tekjur af fiskibátum | | 37.667.264 | 0 | 28.827.674 |
| Aðrar tekjur | | 161.570.383 | 261.343.000 | 192.715.399 |
| | | 267.059.803 | 261.343.000 | 398.524.395 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 132.147.706 | 130.004.000 | 122.079.170 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 99.317.271 | 106.702.000 | 112.340.874 |
| Endurgreidd farþegagjöld samkvæmt dómi | | 64.288.738 | 0 | 0 |
| Afskriftir fastafjármuna | 5 | 73.109.405 | 80.054.000 | 82.165.122 |
| | | 368.863.120 | 316.760.000 | 316.585.166 |
| **(Rekstrartap), rekstrarhagnaður** | | (101.803.317) | (55.417.000) | 81.939.229 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 4 | (87.170.738) | (154.796.000) | (108.797.859) |
| **Tap ársins** | | (188.974.055) | (210.213.000) | (26.858.630) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| Eignir | Skýr. | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Fasteignir og lóðir | 5 | 9.850.215 | 10.840.635 |
| Hafnamannvirki | 5 | 959.670.279 | 1.024.231.370 |
| Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki | 5 | 11.716.589 | 12.102.802 |
| | | 981.237.083 | 1.047.174.807 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | 6 | 81.770.245 | 114.398.362 |
| Handbært fé | | 10.000 | 10.000 |
| | | 81.780.245 | 114.408.362 |
| **Eignir** | | 1.063.017.328 | 1.161.583.169 |

## Eigið fé og skuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 7 | | |
| Eiginfjárreikningur | | (1.093.169.376) | (904.195.321) |
| Eigið fé, (neikvætt) | | (1.093.169.376) | (904.195.321) |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 8 | 329.671.914 | 357.729.281 |
| Aðrar langtímaskuldir | 8 | 1.712.957.907 | 1.651.799.428 |
| | | 2.042.629.821 | 2.009.528.709 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 1.289.793 | 1.140.658 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 8 | 38.538.317 | 36.614.108 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 9 | 73.728.773 | 18.495.015 |
| | | 113.556.883 | 56.249.781 |
| Skuldir | | 2.156.186.704 | 2.065.778.490 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 1.063.017.328 | 1.161.583.169 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | (188.974.055) | (26.858.630) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 73.109.405 | 82.165.122 |
| Verðbætur og gengismunur af langtímaliðum | | 72.319.447 | 90.269.753 |
| **Veltufé frá rekstri** | | (43.545.203) | 145.576.245 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 53.079.208 | 4.569.697 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 9.534.005 | 150.145.942 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 5 | (7.171.681) | (96.451.588) |
| | | (7.171.681) | (96.451.588) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (37.294.126) | (35.373.201) |
| Viðskiptareikningur Aðalsjóðs, breyting | | 34.931.802 | (18.321.153) |
| | | (2.362.324) | (53.694.354) |
| Hækkun handbærs fjár | | 0 | 0 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 10.000 | 10.000 |
| Handbært fé í lok árs | | 10.000 | 10.000 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Hafnasjóður annast rekstur hafna og hafnamannvirkja Norðurþings á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hafnasjóðs Norðurþings er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2025 | 2024 | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
| Evra (EUR) | 144,65 | 149,31 | 147,20 | 143,90 |

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

HBH

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Laun | 105.535.324 | 97.833.975 |
| Launatengd gjöld | 26.612.382 | 24.245.195 |
| | 132.147.706 | 122.079.170 |
| Stöðugildi að meðaltali | 5,20 | 5,20 |

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 669.696 | 488.945 |
| Vaxtagjöld | (15.520.987) | (19.017.051) |
| Verðbætur og gengismunur | (72.319.447) | (90.269.753) |
| | (87.170.738) | (108.797.859) |

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Hafna-mannvirki | Fasteignir og lóðir | Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 3.213.786.743 | 44.502.553 | 27.856.391 | 3.286.145.687 |
| Eignfært á árinu | 3.810.992 | 0 | 3.360.689 | 7.171.681 |
| Staða í árslok | 3.217.597.735 | 44.502.553 | 31.217.080 | 3.293.317.368 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 2.189.555.373 | 33.661.918 | 15.753.589 | 2.238.970.880 |
| Afskrift ársins | 68.372.083 | 990.420 | 3.746.902 | 73.109.405 |
| Staða í árslok | 2.257.927.456 | 34.652.338 | 19.500.491 | 2.312.080.285 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 1.024.231.370 | 10.840.635 | 12.102.802 | 1.047.174.807 |
| Bókfært verð í árslok | 959.670.279 | 9.850.215 | 11.716.589 | 981.237.083 |
| Afskriftarhlutföll | 4% | 4% | 15% | |

# Skýringar

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 21.334.000 | 68.600.000 |
| Hafnir, viðlagatryggingar | | 4.131.297.846 |
| Aðrar lausafjártryggingar | | 14.043.000 |

## 6. Aðrar peningalegar eignir

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 2.303.685 | 0 |
| Bæjarsjóður | 79.466.560 | 114.398.362 |
| | 81.770.245 | 114.398.362 |

**Handbært fé**

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Sjóðir | 10.000 | 10.000 |
| | 10.000 | 10.000 |

## 7. Eigið fé

| | Eiginfjár-reikningur |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2024 | (877.336.691) |
| Tap ársins | (26.858.630) |
| Eigið fé 1.1.2025 | (904.195.321) |
| Tap ársins | (188.974.055) |
| Eigið fé 31.12.2025 | (1.093.169.376) |

## 8. Langtimaskuldir

| | Aðrar langtímaskuldir | | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2025 | 31.12.2024 | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
| Skuldir í ISK | 1.712.957.907 | 1.651.799.428 | 368.210.231 | 394.343.389 |
| | 1.712.957.907 | 1.651.799.428 | 368.210.231 | 394.343.389 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 0 | 0 | (38.538.317) | (36.614.108) |
| Langtímaskuldir í árslok | 1.712.957.907 | 1.651.799.428 | 329.671.914 | 357.729.281 |

## 8. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Aðrar langtímaskuldir | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 0 | 38.538.317 |
| Afborganir 2027 | 0 | 39.406.951 |
| Afborganir 2028 | 0 | 40.299.915 |
| Afborganir 2029 | 0 | 41.217.892 |
| Afborganir 2030 | 0 | 42.161.585 |
| Afborganir síðar | 1.712.957.907 | 166.585.571 |
| | 1.712.957.907 | 368.210.231 |

Vegna uppbyggingar atvinnusvæðis í landi Bakka í Norðurþingi gerði Hafnasjóður Norðurþings verksamninga um frekari uppbyggingu og endurbætur Húsavíkurhafnar, sem lauk á árinu 2018. Til að fjármagna þessa og frekari uppbyggingu og endurbætur gerði Hafnasjóður Norðurþings samning við Ríkissjóð Íslands um framlög til hafnarframkvæmda við Húsavíkurhöfn með það að markmiði að fjármagna uppbyggingu innviða vegna uppbyggingar atvinnusvæðisins í landi Bakka í Norðurþingi og er þessi fjármögnun, samtals að fjárhæð um 1.229 milljónir króna í árslok 2025, færð meðal annarra langtímaskulda í bókum sjóðsins.

## 9. Aðrar peningalegar skuldir

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 0 | 8.190.522 |
| Skuld vegna farþegagjalda | 64.288.738 | 0 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 4.663.063 | 5.606.405 |
| Ógreitt áfallið orlof | 4.776.972 | 4.698.088 |
| | 73.728.773 | 18.495.015 |

## 10. Önnur mál

Kröfur á hendur Hafnasjóði Norðurþings vegna innheimtra farþegagjalda Hvalaskoðunarfyrirtækja á Húsavík nema kr. 128.197.752. Þessar kröfur eru til viðbótar kr. 64.288.738 sem voru greiddar í febrúar árið 2026 og gjaldfærðar í ársreikningi 2025. Þessar viðbótarkröfur bárust í febrúar og mars árið 2026 og eru tilkomnar vegna dóms landsréttar nr. 664 2024. Verið er að vinna í málinu og niðurstaða liggur vonandi fyrir á fyrri hluta ársins 2026. Vegna óvissu um málið hefur ekki verið færð frekari gjaldfærsla í ársreikninginn vegna þessa.

## Sundurliðanir

### Vöru- og skipagjöld

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Vörugjöld | 31.459.248 | 123.284.036 |
| Bryggjugjöld | 36.362.908 | 53.697.286 |
| | 67.822.156 | 176.981.322 |

### Tekjur af fiskibátum

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Aflagjöld | 32.153.561 | 23.924.404 |
| Árgjöld | 5.513.703 | 4.903.270 |
| | 37.667.264 | 28.827.674 |

### Aðrar tekjur

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Húsaleiga | 868.352 | 819.200 |
| Tekjur af erlendum skemmtiferðaskipum | 11.292.112 | 4.548.294 |
| Vogargjöld | 3.579.687 | 2.318.296 |
| Hafnarbakkaleiga | 18.697.400 | 23.990.990 |
| Lóðarleiga einstakra lóða | 853.152 | 849.588 |
| Aðstöðugjald vegna hvalaskoðunar | 30.637.152 | 24.899.186 |
| Sorpgjöld | 2.862.688 | 6.230.907 |
| Selt kalt vatn | 918.506 | 1.221.311 |
| Selt rafmagn | 10.199.957 | 10.654.140 |
| Hafnarverndargjald / Ýmsar endurgreiðslur vegna þjónustu | 15.093.364 | 27.436.963 |
| Aðrar tekjur | 66.568.013 | 89.746.524 |
| | 161.570.383 | 192.715.399 |

### Laun og launatengd gjöld

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Vinnulaun | 105.535.324 | 97.833.975 |
| Launatengd gjöld | 26.612.382 | 24.245.195 |
| | 132.147.706 | 122.079.170 |

### Annar rekstrarkostnaður

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði | 7.085.376 | 6.786.744 |
| Rekstur hafnarmannvirkja | 75.504.074 | 94.794.446 |
| Rekstur fasteigna | 5.470.997 | 4.283.783 |
| Rekstur hafnarvogar | 2.189.719 | 1.269.293 |
| Rekstur véla, bifreiða og tækja | 6.542.416 | 3.356.605 |
| Afnota- og félagsgjöld | 2.167.300 | 1.030.699 |
| Ferðakostnaður | 0 | 255.640 |
| Miðlun og kynning | 87.273 | 177.915 |
| Annar kostnaður | 270.116 | 385.749 |
| | 99.317.271 | 112.340.874 |